



Þingsköp

Starfsgreinasambands Íslands

1. kafli

SKIPULAG ÞINGS SGS - AFGREIÐSLA KJÖRBRÉFA

1.01 Þegar þing Starfsgreinasambands Íslands kemur saman við þingsetningu, skal formaður sambandsins setja þing og stjórna fundi þangað til þingforseti er kosinn samkvæmt 2 kafla þingskapa.

1.02 Formaður SGS skal í samráði við framkvæmdastjórn skipa 3ja manna kjörbréfanefnd það löngu fyrir þing, að hún hafi lokið athugunum sínum á kjörbréfum þegar þing kemur saman.

Kjörbréfanefnd skilar álitinu sínu að lokinni þingsetningu og gengið hefur verið úr skugga um að þingið er löglegt, þ.e. meira en helmingur þeirra fulltrúa er skilað hafa kjörbréfum, er mættur til fundar.

Framsögumaður kjörbréfanefndar gerir grein fyrir tillögum hennar til þingsins um hvort kosning og kjörgengi fulltrúa, aðalmanna, eða varamanna í þeirra stað, skuli talin gild.

1.03 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður um afgreiðslu kjörbréfa og verður kjörbréf, sem samþykkt hefur verið, eigi ónýtt enda gildir það út kjörtímabilið.

Minnst 10% skráðra þingfulltrúar geta skriflega krafist leynilegar atkvæðagreiðslu um einstök kjörbréf.

1.04 Þingfulltrúar með kjörbréf, sem eigi er ágreiningur um, hafa full réttindi um afgreiðslu eigin kjörbréfa.

1.05 Þingfulltrúar geta samþykkt frestun á afgreiðslu einstakra kjörbréfa sé talin þörf á nánari athugun á þeim enda séu færð rök fyrir því álitu.

Hlutaðeigandi þingfulltrúar skulu ekki taka þátt í þingstörfum á meðan athugun á kjörbréfum þeirra fer fram og þar til afgreiðsla á kjörbréfunum þeirra er lokið. Sama gildir um fulltrúa nýrra aðildarfélaganna, sbr. gr. 1.09.

1.06 Kjörbréfanefnd er skylt að starfa frá því hún er skipuð og þar til ný nefnd er skipuð vegna næsta þings.

1.07 Nú hamla ytri aðstæður (t.d. samgöngur, veikindi) því, að kjörbréf berist skrifstofu SGS það tímanlega að þau fái umsögn skv. gr. 1.02, og skal kjörbréfanefnd þá fjalla um þau strax og við verður komið og þingið síðan afgreiða kjörbréfin.

1.08 Kjörbréf sem þingið hefur ákveðið með atkvæðagreiðslu að taki ekki gildi, verða eigi borin upp til atkvæða eða tekin til umræðu aftur á sama fundi.

1.09 Þegar kjörbréf hafa verið afgreidd skal formaður SGS leggja fyrir inntökubeiðni nýrra aðildarféлага.

Fyrir skal liggja umsögn og bráðabirgðaafgreiðsla framkvæmdastjórnar um umsóknina. Verði umsóknin samþykkt, skulu kjörbréf fulltrúa aðildarfélags/aðildarfélaganna þegar tekin til afgreiðslu.

2. kafli

KOSNING ÞINGFORSETA OG RITARA OG VERKSVIÐ ÞEIRRA

2.01 Kjósa skal þingforseta og einn varaforseta þingsins.

Fyrst skal kjósa þingforseta og tekur hann við stjórn fundarins þegar er hann hefur verið kjörinn og gengst fyrir kosningu eins varaforseta og tveggja ritara.

Rétt kjörinn þingforseti er sá er hefur meira en helming greiddra atkvæða þingfulltrúa.

Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð við fyrstu kosningu skal kjósa að nýju um þá tvo fulltrúa sem flest atkvæði hlutu í fyrri umferð og ræður hlutkesti ef þeir sem til greina koma hafa hlotið jafnmörg atkvæði við fyrri umferð. Sá verður þingforseti sem fleiri atkvæði fær við síðari atkvæðagreiðslu. Fái báðir jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti hvor verður þingforseti.

Sömu reglu skal fylgt við kosningu varaforseta og ritara.

2.02 Þingforseti stjórnar fundi og sér um að allt fari fram samkvæmt þingsköpum og lögum SGS. Hann tekur við öllum erindum til þings og skýrir frá þeim og sér um að þeim sé dreift til þingfulltrúa og heldur góðri reglu á fundinum.

Þingforseti skal þegar kosningu starfsmanna þings er lokið sjá til þess að þingið ákveði, að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar SGS, hvort þingið skuli opið fyrir fréttamenn.

2.03 Vilji þingforseti taka þátt í umræðum frekar en staða hans sem fundarstjóra krefur, þá vikur hann þingforsetasæti, en varaforseti tekur við fundarstjórn á meðan.

Þingforseti hefur sama rétt og aðrir þingfulltrúar til að greiða atkvæði.

2.04 Þingforseti og varaforseti skipta milli sín fundarstjórn eftir því sem hentar, en þingforseti ber aðalábyrgð á að þingstörf fari fram með eðlilegum hætti.

2.05 Ritarar halda gerðabók og færa inn öll mál, er rædd eru á þinginu, hverjir kveðja sér hljóðs um þau svo og úrslita þeirra. Allar ályktanir fundarins skulu skráðar í gerðabókina og skal hún að þingi loknu undirrituð af þingforsetum og riturum. Ritarar skrá atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Sömuleiðis sjá þeir til þess með þingforsetaum að öll skjöl, sem dreift er til fulltrúa, séu skrásett í töluröð og skal þeirra getið í gerðabók.

Á rafrænum þingum eða þingum sem tekin eru upp rafrænt, er það hlutverk ritara að skrá niður þingmál, hverjir taka til máls ásamt því að halda til haga öllum tillögum eða öðru því máli sem flutt er úr ræðustól þingsins. Ritarar skrá atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Rafræn skjöl sem dreift er á þinginu skal varðveita á skrifstofu SGS í 5 ár. Að þeim tíma loknum afhendast skjölin Sögusafni verkalyðshreyfingarinnar til úrvinnslu fyrir safnið.

Ritarar skulu starfa í nánú samstarfi við þingforseta. Komi upp ágreiningur milli þeirra, sker þingforseti úr honum.

2.06 Þingforseti skipar menn til að dreifa atkvæðaseðlum. Þá skipar þingforseti teljara úr hópi fulltrúa fundarins, svo sem honum þykir þurfa á hverjum tíma.

2.07 Allt talað orð á þingum skal hljóðrita. Upptökurnar skal varðveita á skrifstofu SGS í 5 ár, en eftir það skulu þær afhentar Sögusafni verkalyðshreyfingarinnar til úrvinnslu fyrir safnið.

2.08 Þingforsetar SGS geta ákveðið að takmarka aðgang að fundarsal með því að gefa út sérstök aðgönguskírteini og að ákveða að þeim einum er hafa slík skírteini, skuli heimill aðgangur.

Skírteinishafar geta verið þingfulltrúar, starfsmenn þingsins, sérstakir gestir þess og starfslíð fundarhússins, svo og fréttamenn ef fundur ákveður að það skuli opið fréttamönnum.

3. kafli

NEFNDIR

3.01 Formaður SGS skal í samráði við framkvæmdastjórn skipa 3ja manna nefndanefnd það löngu fyrir þing, að hún hafi gert tillögur viku fyrir þing um starfsnefndir aðrar en fastanefndir og forsvarsmann/menn hvernar nefndar. Auk tillögu um skipan laganeftndar og kjörneftndar úr hópi þingfulltrúa fyrir næsta kjörtímabil.

Nefndanefnd skal jafnframt starfa á þinginu gerist þess þörf.

3.02 Á þingum skal kjósa eftirtaldar fastanefndir:

- a) Kjaranefnd.
- b) Fjárhagsneftnd.
- c) Laganeftnd.
- d) Kjörneftnd.
- e) Aðrar nefndir sem þingið ákveður.

3.03 Tillögur nefndanefndar og kjörneftndar svipta ekki einstaka þingfulltrúa tillögurétti um menn í nefndir eða stjórn. Almenn regla er að allar nefndir séu opnar og fulltrúar geta sjálfir ákveðið í hvaða nefnd þeir sitja. Kjörneftnd skal þó ávallt vera lokuð.

Þingið getur ákveðið að loka nefndum. Kosning í lokaðar nefndir er bundin við tilnefningu og fer fram skriflega. Séu eigi fleiri tilneftndir en kjósa skal, þá eru nefndarmenn sjálfkjörnir.

Kjörneftnd og laganeftnd sitja á milli þinga.

3.04 Sá sem flest atkvæði fær í nefnd eða er fyrst tilneftndur í uppstillingu, ef nefnd er sjálfkjörin, kveður nefndina saman til fyrsta fundar og stjórnar kosningu formanns hennar. Formaður lætur síðan kjósa ritara. Nefndin velur sér talsmann.

3.05 Verksvið nefnda eru:

- a) Kjaranefnd fjallar um kjaramál og gerir tillögur um stefnu SGS í þeim næsta kjörtímabil.
- b) Fjárhagsneftnd skal gera tillögur að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta kjörtímabil og tillögur um skatt aðildarféлага til SGS.
- c) Laga- og skipulagsneftnd skal fjalla um lagabreytingar liggja þær fyrir þingi.

- d) Kjörnefnd skal gera tillögur um framkvæmdastjórn SGS og endurskoðendur fyrir næsta kjörtímabil.

3.06 Þingið stofnar aðrar nefndir ef tilefni er til að mati þess. Nefnd má skipa á hvaða stigi máls sem er, enda sé það gert áður en umræðum um viðkomandi mál er lokið og skal umræðum þá frestað þar til nefndin hefur lokið störfum. Sömu reglur gilda um starfshætti hjá slíkum nefndum og öðrum þingnefndum.

3.07 Nefndir skila álitum/álitum sínum til þings og skal því/þeim dreift skriflega eða með rafrænum hætti til fulltrúa.

Sé ekki eining um niðurstöðu nefndar skulu þeir sem að sérálitum standa, skipa sér talsmann/menn og hefur hann/þeir sama rétt og talsmaður meirihluta við umræður á þingum.

4. kafli

UMRÆÐUR

4.01 Þingforseti tilkynnir í upphafi þingfundar hvernig fulltrúar skulu bera sig að, óski þeir að taka til máls. Ef tveir eða fleiri fulltrúar kveðja sér hljóðs samtímis, ákveður þingforseti í hvaða röð þeir tala.

Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til þingforseta þingsins og þingfulltrúa.

Þingfulltrúi skal ávallt mæla úr ræðustól

4.02 Að jafnaði skulu þingfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir óska þess.

Þingforseti getur vikið frá þeirri reglu ef um er að ræða formann SGS, framkvæmdastjóra SGS, talsmenn nefnda svo og að fulltrúi á þingi geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd, er snertir hann sjálfan eða til að bera af sér sakir.

4.03

Framsögumenn þingmála, svo og talsmenn meiri og minnihluta nefnda, hafa 15 mínútur til framsögu og mega síðan taka til máls í umræðum tvisvar sinnum.

Aðrir mega ekki tala oftari en tvisvar við sömu umræðu um sama mál.

Þegar flutt er skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra, hefur sá sem skýrsluna flytur, rýmri ræðutíma. Hann má síðan taka til máls svo oft sem hann óskar undir þeim dagskrárlíð.

Jafnan er þó heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, fundarstjórn eða þingsköp.

4.04 Ef þingforseti telur umræðu dragast úr hófi fram, getur hann lagt til að ræðutími talsmanns meiri- eða minnihluta nefndar, sbr. grein 4.03, verði eigi lengri en 5 mínútur.

Þingforseti getur hvenær sem er lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma. Þing afgreiðir tillögur þingforseta í þessu efni án umræðu.

Þingfulltrúar, fæst 10 af kjörnum fulltrúum, geta borið fram slíkar tillögur og skulu þær einnig afgreiddar án umræðu.

4.05 Eigi má, nema með leyfi þingforseta, lesa upp tilvitnanir í útgefið efni eða vitna til ummæla annarra en ræðumanns sem birst eða fallið hafa opinberlega.

4.06 Skylt er þingfulltrúa, að lúta valdi þingforseta í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu. Ítrekað skal að þingfulltrúi sé ekki með frammiköll eða þrætur utan úr sal við þingfulltrúa í ræðustól.

Láti þingfulltrúi, sem vikið hefur frá góðri reglu sér eigi segjast, skal þingforseti víta hann og nefna til ástæður. Ef fulltrúi á þingi er víttur tvisvar á sama fundi, getur þingforseti lagt til við fulltrúa þingsins, að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir lifir þings. Skal sú tillaga afgreidd án umræðu.

5. kafli

TILLÖGUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLA.

5.01 Þingfulltrúar geta borið fram tillögur um hvert það mál sem þeir óska eftir að tekið sé til umræðu og afgreiðslu á þingi sambandsins, enda hafi þeir sent tillögur þar að lútandi til skrifstofu SGS a.m.k. 2 vikum fyrir þing. Hægt er að óska eftir því við þingforseta að mál séu tekin á dagskrá, ef þing samþykkir.

5.02 Allar tillögur skulu vera skriflegar og undirritaðar af flutningsmönnum. Enga tillögu er hægt að taka til umræðu fyrr en þingforseti hefur lýst henni. Þingforseti gerir tillögur um í hvaða þingnefnd tillögur skuli ræddar.

5.03 Sé fleiri en einn flutningsmaður að tillögu, getur hver þeirra dregið sig til baka af tillögunni í heyranda hljóði.

Fari svo að flutningsmaður/flutningsmenn dragi tillögu í heild sinni til baka, getur hver sem er úr hópi annarra fulltrúa á þingi gert slíka tillögu að sinni í heyranda hljóði á sama þingi og undirritað hana síðan til staðfestingar.

5.04 Ákvæði greinar 5.03 gilda ekki um tillögur þær sem tilskilinn fjöldi flutningsmanna þarf sbr. greinar 1.03, 4.05 og 5.15.

5.05 Allar tillögur um mál þingsins, sem koma fram við fyrri umræðu, skal eftir þá umræðu taka til umfjöllunar í nefnd þeirri sem máli hefur verið vísað til.

Við síðari umræðu skal þingforseti bera tillögur upp í þeirri röð sem hann ákveður.

Séu fleiri en ein tillaga í sama máli, skal þó fyrst bera upp þá tillögu sem lengst gengur.

5.06 Engar tillögur um mál þingsins er hægt að bera upp til atkvæða nema þeim hafi verið dreift skriflega eða með rafrænum hætti til þingfulltrúa.

5.07 Breytingartillögu skal bera upp á undan aðaltillögu.

Breytingartillögu sem kollvarpar eða breytir aðaltilgangi annarrar tillögu má þingforseti ekki taka til greina né breytingartillögu við breytingartillögu, en því álitu sínu skal hann lýsa fyrir þingfulltrúum.

5.08 Drög að ályktun sem þingnefnd sendir frá sér til síðari umræðu, telst ekki breytingartillaga, heldur aðaltillaga.

Óski fulltrúar að taka ákvæði í drögum að ályktunum frá fyrri umræðu upp við síðari umræðu um málið verða þeir að gera það með tillögum í eigin nafni.

5.09 Þingforseta er heimilt að bera tillögu upp í tveimur eða fleiri liðum en þó því aðeins að hver liður sé sjálfstæður og að skiptingin geri tillöguna ekki óljósa.

5.10 Tillögu, sem hefur verið felld, má ekki bera upp á sama þingi. Með samþykki minnst 2/3 hluta atkvæða þingfulltrúa má þó taka málið upp á ný síðar á fundinum, enda séu 3/4 hlutar fulltrúa, þeirra sem eigi hafa boðað forföll til forseta þingsins, viðstaddir á þingi þegar slík tillaga er tekin til afgreiðslu.

5.11 Ákvæði greinar 5.10 eiga ekki við um afgreiðslu kjörbréfa.

5.12 Efnislegar tillögur eru þessar:

- 1) Aðaltillaga.
- 2) Breytingartillaga.
- 3) Viðaukatillaga.

5.13 Við atkvæðagreiðslu skal fyrst bera upp breytingartillögu við aðaltillögu. Síðan skal bera upp aðaltillögu með áorðnum breytingum, hafi breytingartillögur verið samþykktar. Að öðrum kosti er aðaltillaga borin upp í upphaflegri mynd. Þá skal bera upp viðaukatillögur. Að lokum skal bera upp aðaltillöguna eins og hún er endanlega orðin, hafi viðaukatillögur verið samþykktar.

5.14 Forgangstillögur eru eftirfarandi og í þessari röð:

- 1) Tillaga um að ganga þegar til atkvæða, sbr. þó grein 4.05.
- 2) Tillaga um að vísa máli frá.
- 3) Tillaga um að taka fyrir næsta mál á dagskrá.
- 4) Tillaga um að fresta máli.
- 5) Tillaga um að vísa máli til annars valds.

Tillögur undir 1.tölul. má ekki ræða. Um tillögur undir 2., 3. og 4. tölul. má gera stuttar athugasemdir. Um tillögur undir 5.tölul. má gera stuttar athugasemdir en um málið sjálft gilda sömu reglur og um önnur efnisleg mál sem koma fyrir þingi.

5.15 Atkvæðagreiðsla um tillögur fer fram með handauppréttingu. Leynileg atkvæðagreiðsla fer fram ef þess er óskað skriflega af minnst 10% þingfulltrúa. Atkvæðagreiðslur með nafnakalli leyfast ekki.

5.16 Engar atkvæðagreiðslur geta farið fram um tillögur nema á þingi sé staddur minnst helmingur fulltrúa sem ekki hafa boðað forföll til þingforseta.

5.17 Við atkvæðagreiðslu með handauppréttingu skipar þingforseti úr hópi þingfulltrúa, svo marga teljara sem þykir henta til talningar atkvæða. Við leynilega atkvæðagreiðslur aðstoða starfsmenn þings við að setja upp rafræna atkvæðagreiðslu. Verði rafrænni

atkvæðagreiðslu ekki komið við dreifa starfsmenn þings atkvæðaseðlum og aðstoða teljara við talningu.

5.18 Breyting á lögum telst ekki samþykkt nema hún hljóti 2/3 hluta atkvæða á þingi, sbr. gr. 8.01 í lögum SGS.

6. kafli

KOSNINGAR

6.01 Kosningar á þingi í trúnaðarstöður skulu vera leynilegar ef fleiri eru í kjöri en kjósa á.

6.02 Í öllum málum ræður einfaldur meirihluti kjörinna fulltrúa, þó með eftirfarandi undantekningum:

- a) Ákvæði um kjör þingforseta sbr. grein 2.01.
- b) Lagabreytingar, sbr. gr. 8.01 í lögum SGS.

6.03 Komi ekki fram uppástungur um fleiri en kjósa skal, eru þeir sjálfkjörnir.

6.04 Ef tveir eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti úrslitum.

6.05 Atkvæðaseðill er ógildur, ef á honum eru nöfn manna, sem ekki eru í kjöri, eða ef ekki eru greidd atkvæði jafnmörgum mönnum og kjósa á. Auður seðill telst ekki til greiddra atkvæða.

6.06 Við kosningar fer hver þingfulltrúi með eitt atkvæði. Áheyrnarfulltrúar hafa ekki atkvæðisrétt við kosningu.

6.07 Áður en kosningar hefjast, skal þingforseti tilkynna að nú verði gengið til kosninga. Þingforseti skal einnig tilkynna hvort kosning sé rafræn eða skrifleg.

Verði ákveðið að viðhafa rafræna kosningu skal tryggja að kosningavefur þingsins sé eingöngu opin kjörnum fulltrúum á meðan á kosningu stendur. Kosningagátt þingsins skal lokað þegar þingforseti tilkynnir að kosningu sé lokið.

Eftir hæfilegan umþóttunartíma svo fulltrúar geti gengið til sæta sinna, skal dyrum fundarsalar lokað og dyraverðir settir við allar dyr, og tilkynnir þá fundarstjóri, að dreifing atkvæðaseðla hefjist og um leið ber dyravörðum að sjá til þess að enginn gangi út eða inn í fundarsalinn þar til fundarstjóri hefur lýst yfir að kosningu sé lokið, atkvæðaseðlum hafi öllum verið safnað saman og athugasemdir ekki komið fram um framkvæmd kosningarinnar. Sami háttur skal hafður á við rafræna kosningu að undanskilinni dreifingu atkvæðaseðla.

6.08 Um leið og talningu atkvæða við hverja atkvæðagreiðslu er lokið og skýrsla um niðurstöðu hennar, undirrituð af öllum talningamönnum, hefur verið færð þingforseta, skulu atkvæðaseðlar innsiglaðir í traustum kassa. Sé um rafræna kosningu að ræða skulu starfsmenn þingsins tryggja að eingöngu löglega kjörnir þingfulltrúar hafi aðgang að kosningagátt þingsins sem er eingöngu opin á meðan kosning fer fram.

Komi ekki fram skrifleg krafa minnst 10% kjörinna þingfulltrúa um endurtalningu atkvæða þegar eftir tilkynningu þingforseta, verður krafa um endurtalningu ekki tekin til greina. Fyrir lok þings skal þingforseti sjá til þess að atkvæðaseðlar séu eyðilagðir.

7. kafli

AFGREIÐSLA OG BREYTING ÞINGSKAPA

7.01 Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður um afgreiðslu þingskapa.

7.02 Komi fram tillögur um stjórn þingsins eða meðferð mála, sem þessi þingsköp ná ekki til, skal þingforseti úrskurða um meðferð og verður þeim úrskurði ekki hnekkt nema með samþykki 3/4 hluta kjörinn þingfulltrúa.

Svo samþykkt á 9. þingi SGS 27. október 2023